

Teiknistofa Norðurlands slf.
Fjólugötu 14
600 Akureyri

Reykjavík 8. mars 2019
UST201902-271/A.B.
09.04.01

Efni: Framkvæmdir – Tröppur – Hvítserkur – Húnaþingi vestra

Vísað er til erindis Teiknistofu Norðurlands er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðar framkvæmdar á tröppum sem munu liggja frá útsýnispalli niður í fjöru við Hvítserk.

Viðbótarupplýsingar

Umhverfisstofnun telur að til þess að stofnunin geti veitt umsögn varðandi ofangreinda framkvæmd þarfnast hún frekari upplýsinga. Óskar stofnunin hér með eftir frekari upplýsingum um eftirfarandi.

Framkvæmdin

Í greinargerð kemur fram að smíðin á stiganum fari fram á verkstæði, hins vegar óskar Umhverfisstofnun eftir því hvað leiðir verða farnar í uppsetningu á stiganum og hvernig framkvæmdin muni hafa áhrif á leirurnar.

Klettabelti

Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum hvort framkvæmdin muni á einhvern hátt raska þeim klettum sem tröppurnar liggja í.

Selalátur

Á svæðinu er selalátur og óskar því Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um hvernig framkvæmdaaðilar muni taka tillit til selanna á framkvæmdartíma og eftir að framkvæmdum líkur.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur